

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2020
UST202011-232/B.S.
10.05.03

Efni: Frummatsskýrsla. Mat á umhverfisáhrifum - Sundabakki – dýpkun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í dýpkun og lengingu viðlegukants við Sundabakka á Ísafirði um allt að 300 m. Gert er ráð fyrir að dæla upp allt að 410.000 m³ af dýpkunarefni af því munu um 90.000 m³ nýtast við hafnargerðina og landfyllingu en afgangur efnisins verður nýttur í aðrar framkvæmdir. Metnir eru tveir valkostir með misumfangsmikilli dýpkun.

Þar sem um er að fræða valkosti sem fela í sér sama framkvæmdastað má ætla að áhrif á náttúrufar verði nánast þau sömu.


Talið er að verndargildi botndýralífs við Sundabakka sé lítið og þar sé ekki að finna sjaldgæfar tegundir eða meiri fjölbreytni en annars staðar í firðinum. Áhrif á fuglalíf eru talin varanleg en staðbundin á manngerðu svæði og mun ekki hafa áhrif á fuglalíf annarsstaðar í firðinum. Kynntir eru mögulegir efnislosunarstaðir fyrir dýpkunarefni og er m.t.t. til áhrifa á umhverfis talið fýsilegast að losa efni í mynni Skutulsfjarðar eða í landfyllingu í Álftarfirði og verður væntanlega fjallað sérstaklega um umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar. Fram kemur í greinargerð að samkvæmt lögum nr. 33/2004 þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að varpa dýpkunarefni í sjóinn.

Þótt hér sé um nokkuð mikið magn efni sem ráðgert er að dæla upp telur Umhverfisstofnun að áhrif framkvæmdarinnar einskorðist annars vegar við hafnarvæðið og hins vegar efnislosunarsvæðið. Fram kemur að botndýralíf við Sundabakka sýni merki um lífræna mengun sem talið er að megi rekja til skólpmengunar. Á losunarsvæðinu er botn leirkenndur og dýralíf fábreytt. Talið er fyrirhuguð framkvæmd muni ekki breyta ástandi Skutulsfjarðar m.t.t. stjórnunar vatnamála og að botndýr munu fljótlega nema landi á röskuðum svæðum við hafnarkantinn. Áhrif á botndýralíf eru talin tímabundin á báðum svæðum. Framkvæmdin mun ekki breyta heildarflæði sjávar inn og út úr Pollinum og mun því ekki breyta Pollinum sem viðtaka sem verður áfram undir áhrifum frá lífrænu álagi vegna frárennslis frá þéttbýlinu á Ísafirði. Ekki talin að framkvæmdin muni valda landbroti vegna breytinga á öldufari. Svæðið sem raskast vegna landfyllingar er flokkað sem líflítill sandfjara og því ályktað að þar sé lítið og fábreytt fuglalíf. Ekki er talið að dýpkunarsvæðið sé mikilvægt fæðustaður fugla.

Heildaráhrif framkvæmdarinnna á ofangreinda umhverfispætti eru í greinargerð talin vera nokkuð neikvæð og tímabundin nema áhrif dýpkunar og landfyllingar sem geta orðið varanlega og nokkuð neikvæð fyrir fuglategundir sem sækja sér fæðu á þessum svæðum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umhverfisáhrif verði önnur en fyrr segir. Greinargerðin er mjög ítarleg og góð.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur